

## Stefna Símans í mannauðs- og jafnréttismálum

Síminn er leiðandi fyrirtæki í fjarskiptum, upplýsingatækni og afþreyingu. Stefna Símans er að ráða, efla og halda hæfu og traustu starfsfólki. Lögð er sérstök áhersla á að skapa gott vinnuumhverfi með sterkri liðsheild, jöfnun tækifærum til þróunar, hvatningu til að sýna frumkvæði, opnum skoðanaskiptum og góðri miðlun upplýsinga.

Stefnu Símans er einnig ætlað að tryggja að unnið sé í samræmi við 19.- 22. grein laga nr 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með skýrri stefnu vill félagið fara að lögum og vinna með markvissum hætti að því að fyllsta jafnréttis sé gætt. Markmið stefnunnar er að tryggja jöfn tækifæri starfsmanna auk þess að vera leiðarljós um starfshætti sem stuðla að jafnrétti. Með virkri mannauðs- og jafnréttisstefnu skal tryggja að hver starfsmaður sé metinn af verðleikum og stuðlað sé að betri nýtingu á hæfileikum og þekkingu starfsfólks.

### Starfsmannaval

Síminn er þjónustufyrirtæki sem leggur áherslu á að veita áreiðanlega og lipra þjónustu með framúrskarandi starfsfólki. Ráðningar nýs starfsfólks skulu vera óháðar kyni og skulu ráðningar unnar á faglegan hátt þar sem allir umsækjendur eru metnir á sama hátt og fara í gegnum sama ferlið. Jafnframt skal stefnt að jafnri kynjaskiptingu innan sviða, deilda og í mismunandi störfum innan sviða.

### Fræðsla og starfsþróun

Þekking og fræðsla er lykillinn að árangri starfsmanna og um leið árangri Símans. Markmið Símans er að vinnuumhverfið stuðli að faglegum vexti starfsmanna innan fyrirtækisins með markvissri þjálfun, lífandi endurgjöf ásamt fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við viljum að starfsfólk nýti hæfileika sína, þroskist og eflist í starfi sínu og geti þannig tekist á við nýjar áskoranir og aukna ábyrgð. Við leggjum áherslu á að frammistaða og hæfni séu höfð að leiðarljósi við stöðuhækkningar og aðra starfsþróun innan fyrirtækisins. Í samræmi við jafnréttislög skulu konur og karlar njóta sömu möguleika til sí- og endurmenntunar sem og til starfsþróunar. Stjórnendur og starfsmenn, óháð kyni, eru hvattir til aflu sér endurmenntunar.

Uppbyggjandi og markviss endurgjöf er forsenda þess að starfsmenn geti bætt sig og gerir starfsþróun markvissari. Starfsmenn og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á því að frammistaða sé rædd reglulega.

### Starfskjör

Síminn vill bjóða samkeppnishæf laun og að starfskjör taki mið af hlutverki, ábyrgð og frammistöðu í starfi. Síminn fylgir jafnréttislögum og leggur metnað sinn í að greiða sömu laun fyrir sama framlag. Konur og karlar eiga að njóta sömu launakjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf. Munur á launum

starfsmanna á aðeins að endurspeglar mun á ábyrgð og eðli starfa, menntun og frammistöðu í starfi. Stefnt er að því laun og önnur kjör séu samkeppnishæf við önnur sambærileg störf á markaði.

#### **Nefndarstörf:**

Við skipun í starfsnefndir og hópa skal fagþekking einstaklinga ráða mestu um val í nefndir. Þó skal stefnt að jöfnum hlut kvenna og karla eins mikið og því verður viðkomið hverju sinni.

#### **Vinnuumhverfið**

Við viljum að starfsfólki okkar líði vel í vinnunni. Heilbrigðir starfsmenn skila meiri árangri, og eru ánægðari í starfi. Þar af leiðandi leggur Síminn áherslu á að styðja við heilbrigði og góða líðan starfsmanna. Við leggjum áherslu á að starfsmenn geti samræmt vinnu og einkalíf með því að veita möguleika á sveigjanlegum vinnutíma og tryggja að vinnuaðstæður séu í takt við þarfir og verkefni starfsmanna. Tekið skal tillit til kvenna á meðgöngutíma, foreldra við umönnun ungbarna og erfiðra fjölskylduaðstæðna starfsmanna.

Síminn leggur áherslu á að skapa vinnuumhverfi þar sem gagnkvæm virðing, fagmennska, heilindi og traust eru ríkjandi. Með virku jafnræði skal tryggt að allir hafi jafnan rétt til launa og tækifæra. Lögð er áhersla á að allt starfsfólk njóti sömu virðingar og hafi jafna stöðu innan fyrirækisins og að einstaklingum sé ekki mismunað á grundvelli kyns, aldurs, þjóðernis, fötlunar, trúarbragða eða kynhneigðar

Síminn tekur skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Einelti, áreitni, mismunur eða fordómar vegna kyns, þjóðernis, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, trúarbragða, skoðana eða nokkurskonar stöðu einstaklinga verður ekki liðin. Viðbragðsáætlun og boðleiðir vegna slíkra mála skulu vera öllum sýnilegar og aðgengilegar.